

Skiptum við máli í framtíðinni?

Eftir Veru Knútsdóttur formann IceMUN félagsins

Ráðherra, rektor og kærugu gestir,

Skiptum við máli í framtíðinni?

Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að við munum skipta máli í framtíðinni. Íslenska þjóðin er vel menntuð þjóð og fer menntunarstig þjóðarinnar vaxandi. Sem dæmi má nefna að skólaárið 2005-2006 útskrifuðust 3362 einstaklingar með háskólagráðu sem er Íslandsmet! En möguleikar okkar til áhrifa á alþjóðlegum vettvangi felast einmitt í mannauði þjóðarinnar.

Aukin sérhæfing á sviðum alþjóðamála hefur gert okkur kleift að vera virkari þátttakandi í alþjóðastarfi. Það er ótrúlegur fjöldi Íslendinga sem fer í nám bæði erlendis og hér heima til að sérhæfa sig á þeim ýmsu sviðum sem kallast geta alþjóðleg. Íslendingar hafa líka auknum mæli gert sér grein fyrir því að þátttaka í alþjóðlegu samstarfi er óumflýjanlegur hluti hnattvæðingarinnar og að málefni sem standa okkur fjarri eru okkur þó alls ekki óviðkomandi sem hluti af alþjóðasamfélaginu. Þátttaka okkar og virkni í alþjóðastofnunum á því aðeins eftir að aukast enda eru það beinir hagsmunir þjóðarinnar að taka þátt í að móta þær reglur og þau norm sem gilda í samskiptum ríkja heimsins. Þátttaka Íslands í hjálparstarfi á einnig eftir að aukast, en mjög margt ungt fólk hefur sýnt áhuga á mannúðarstarfi og hefur farið sem sjálfboðaliðar um allan heim og enn fleiri eiga eftir að fara í slík verkefni í framtíðinni.

Það er einmitt þessi áhugi ungs fólks á mannúðarstarfi og alþjóðamálum almennt sem mun efla og styrkja Íslensku Friðargæsluna. Þátttaka í alþjóðlegum friðargæsluverkefnum, hvort sem er undir merkjum Sameinuðu þjóðanna eða NATO eykur trúverðugleika okkar sem virkur og áhugasamur meðlimur í alþjóðasamfélaginu.

Áhugi á utanríkisþjónustunni hefur einnig aukist umtalsvert sem gerir henni kleift að velja hæfustu og metnaðarfullstu einstaklingana til starfa. Geta utanríkisþjónustunnar til að velja hæfustu einstaklingana er henni gríðarlegur styrkur og eykur hæfni hennar til stefnumótunar og upplýsingaöflunar. Upplýsingaöflun er lykilatriði í alþjóðasamskiptum, þar sem þeir upplýsinga "ríku" hafa frekari tök til áhrifa en þeir upplýsinga "fátæku". Með

hinni auknu sérhæfingu Íslendinga á hinum ýmsu sviðum munum við ekki þurfa að vera í flokki hinna upplýsinga “fátæku”.

Fólk hefur gríðarlegan áhuga á heimsmálunum og vel flestir hafa myndað sér skoðanir um alþjóðleg málefni. Upplýsingaflæðið er orðið slíkt, og svo virðist sem því ætli aldrei að linna, að það er erfitt að koma sér hjá því að fræðast um gang mála. Flestir hafa skoðun á framboði Íslands til Öryggisráðsins, stríðinu í Írak, ástandinu í Búrma, málefnum Palestínu og forsetakosningunum í Bandaríkjunum á næsta ári og svo mætti lengi telja. Þessar víðtæku skoðanir okkar sýna hversu vel upplýst og áhugasöm þjóð við erum um heimsmálin.

Hvort sem að Ísland nær kjöri í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða ekki, og ég vona svo innilega að við náum kjöri, þá mun sú umræða sem skapast hefur í þjóðfélaginu í kjölfar framboðsins hafa víðtæk áhrif. Það að taka á sig mikla ábyrgð í alþjóðasamfélaginu, líkt og að eiga sæti í Öryggisráðinu, mun ekki hljóma fáránlega í eyrum landans. Að sjálfsögðu verða alltaf einhverjar efasemdaraddir á lofti en erfitt verður fyrir okkur að neita því að Ísland eigi erindi á meðal stórjaxlanna. Hagsmunir hinna “stóru” eru ekki endilega meiri eða stærri en hagsmunir hinna “smáu” og í raun má segja að hagsmunir hinna “smáu” séu oftast en ekki meiri en hinna “stóru”. Ef að við ætlum að verja hagsmuni okkar þá verðum við að vera virkur þátttakandi í helstu alþjóðastofnunum. Við getum einfaldlega ekki notað stærð, í raun smæð, okkar sem afsökun til að flýja undan ábyrgð. Það er einmitt vegna stærðarinnar sem að við verðum að taka virkan þátt. Hvernig getum við verndað hagsmuni okkar öðruvísi?

Hagsmunir Íslands eru að breytast og sem dæmi má nefna bráðnun íss á Norður heimsskautinu og eru þar gríðarlega miklir hagsmunir í húfi. Nýjar siglingarleiðir munu opnast á næstu 10-15 árum ef að bráðnunin heldur áfram með þessum hraða. Siglingaleiðirnar munu auðvelda vöruflutninga gríðarlega á milli Evrópu og Asíu og hefur Ísland þar tækifæri og möguleika á að verða mikilvæg höfn á þessum nýju flutningsleiðum. Einnig er talið að miklar auðlindir leynist í sjávarbotni Norður heimsskautsins og hafa því miklar deilur blossað upp á síðustu árum vegna tilkalls ríkja til sjávarbotnsins á þessu svæði. Þessar deilur geta haft mikil áhrif á okkur ef að í hart fer, og nú þegar er farið að tala um nýtt kalt stríð í þessu tilviki. Hagsmunir okkar eru af þessum sökum mjög miklir og það er afskaplega mikilvægt að þessar deilur leysist friðsamlega og við getum verið eitt þeirra lykila ríkja sem nær fram slíkri lausn.

Ísland hefur kjörið tækifæri til þess að hafa milligöngu í deilumálum þar sem að við höfum engan her og af okkur stafar engin ógn. Friðarsúlan í Viðey þarf ekki eingöngu að vera táknræn, við eigum að nýta okkur þessa eiginleika Íslands til að eiga hlutdeild í því að leysa alþjóðleg deilumál. Fundur Reagans og Gorbachev í Höfða árið 1986 ætti að vera fordæmi en ekki einstakt tilvik í sögu Íslands.

Við Íslendingar erum svo heppnir að hafa greiðan aðgang að vatni og getum nýtt jarðvarma og vatnsafl til þess að framleiða okkar rafmagn. Þessar auðlindir okkar munu skipta miklu máli í framtíðinni þar sem að vatn fer að verða “hin nýja olía” og getur vatn því orðið stór útflutningsgrein í framtíðinni, enda lifir engin án vatns. Við erum nú þegar leiðandi í notkun jarðvarma til orkunýtingar og höfum við því mikil tækifæri til áhrifa á því sviði. Sem dæmi má nefna fund Iðnaðarráðherra í Indónesíu þar sem undirrituð var viljayfirlýsing um samstarf á sviði jarðvarmaorkuvinnslu og þekkingu á sviði jarðvarma. Þekking okkar á þessu sviði er mjög dýrmæt, sérstaklega í ljósi þess að ríki heimsins eru farin að leita leiða til að nota umhverfisvænni orkugjafa og getur Ísland aðstoðað þau ríki er búa yfir jarðvarma til þess. Forseti Íslands opnaði nýlega nýjar höfuðstöðvar Iceland America Energy company í Kaliforníu, en fyrirtækið mun nota íslenska þekkingu á jarðvarmaorkuvinnslu til þess að vera leiðandi í notkun jarðvarma í Kaliforníu. Að þessu tilefni minntist framkvæmdastjóri rannsóknar ráðs í Kaliforníu á það hversu óvanalegt það væri að smáríki væri að aðstoða Bandaríkin við að þróa þessa auðlind sína og að Ísland hefði fullþróaðan orkunýtingar búskap sem að Bandaríkin hefðu ekki. Þetta er einmitt gott dæmi um það hvernig Ísland getur skipt verulegu máli í framtíðinni.

Aukin menntun á sviði alþjóðamála er því ekki eina leiðin fyrir Ísland til að hafa áhrif. Aukin menntun á mörgum öðrum sviðum eins og til dæmis jarðfræði og verkfræði opnar ýmsar dyr eins og jarðvarma dæmið hér á undan sýnir.

Einnig má nefna tölvuleikinn Eve Online sem hefur verið að tröllríða öllu í tölvuheiminum og nýtur mikilla vinsælda sem dæmi um frumkvæði og hönnun Íslendinga sem gætir áhrifa á sviðum sem teljast ekki sem “alþjóðleg” í hefðbundnum skilningi.

Háskólarnir eru duglegir við að hvetja nemendur sína áfram og gera okkur grein fyrir því að tækifærin eru endalaus ef við erum bara tilbúin til þess að grípa þau. Tilfinning mín er sú að við háskólastúdentar séum með stjórnur í augunum yfir öllum þeim möguleikum

sem bíða okkar ef við bara höfum viljann og metnaðinn til þess að nýta þá. Möguleikar Íslands felast einmitt hjá okkur unga fólkinu og okkar hugsjónum.

Við unga fólkið, sem nú erum í námi erum uppfull af metnaði. Mörg okkar hafa vonir um að geta haft áhrif á gang mála bæði hér heima og erlendis. Metnaður okkar mun sjá til þess að Ísland skipti máli í framtíðinni.

Heimildir

Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is

Vefur Morgunblaðsins, www.mbl.is

Icenews, <http://www.icenews.is/index.php/2007/10/18/iceland-opens-geothermal-office-in-california/#more-322>